

Thor Jensen og Eggert Claessen fyrir hönd h/f P. J. Thorsteinsson & Co. 20 kr. í málskostnað. Skipuðum talsmanni áfrýjanda, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni, bera 20 kr. í málflytningu, er greiddist af almannafé.

Ídæmdur kostnaður greiddist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 21/1911:

Hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps
gegn

H. Debell f. h. hins danska
steinolíufélags.

D ó m u r.

Áfrýjandi máls þessa, hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, lagði aukaútsvar til hreppsins fyrir fardagaárið 1910—11, á »hið danska steinolíufélag í Reykjavík, stofnun þess og starfsemi í Viðey« í Seltjarnarneshreppi. Félagið neitaði að greiða þetta útsvar, og áfrýjandi krafðist þá, að bæjarfógetinn í Reykjavík tæki útsvarið lögtaki, en með úrskurði uppkveðnum 3. apríl þ. á. neitaði fógetinn að framkvæma lögtakið. Þeim úrskurði hefir áfrýjandi nú skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 1. maí þ. á. á hendur framkvæmdarstjóra steinolíufélagsins H. Debell fyrir hönd félagsins, og krafist þess, að úrskurðurinn verði feldur úr gildi og fógetinn skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak, svo og að stefndi verði dæmdur í

málskostnað eftir mati yfirdómsins. Aftur á móti krefst stefndi staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar hjá áfrýjanda eftir mati réttarins.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefndi reki í Viðey arðsama stofnun eða fyrirtæki, og sé því samkvæmt 36. gr. sveitastjórnarlaganna 10. nóv. 1905 heimild til að leggja á hann útsvar til Seltjarnarneshrepps, en stefndi mótmælir því, að starfsemi steinolíufélagsins í Viðey verði heimfærð undir þessa lagagrein, eða að nein lög önnur séu til fyrir þessari útsvarsálögu.

Eftir óvefengdum skýrslum málsins, þar á meðal sérstaklega samningi, dags. 21. marz 1908 milli steinolíufélagsins og eiganda Viðeyjar, hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co., er starfsemi og athafnir steinolíufélags í Viðey, þær er útsvarið er lagt á, svo vaxnar sem hér greinir: Félagið hefir leigt í Viðey tvær lóðarþpildur og bygt hús á annari þeirra, er það notar til steinolíugeymslu og er geymsluplássið alt, bygt og óbygt, 1—2 þúsund ferálnir að flatarmáli. Félagið hefir trygt sér bryggjuafnot í Viðey handa skipum sínum, þeim er flytja steinolíu þangað, en hlutafélagið P. J. Thorsteinsson & Co. hefir tekið að sér fyrir ákveðna borgun að taka á móti steinolíunni, flytja hana á geymslustaðinn til varðveizlu og umsjónar, afhenda hana eftir fyrirælum frá skrifstofu félagsins í Reykjavík og flytja hana úr geymslustaðnum, venjulega hingað til bæjarins eða þá út í skip, sem félagið hefir til flutninga hér við land. Annars hefir félagið engan mann í þjónustu sinni í Viðey. Það hefir eigi leyst borgarabréf þar til verzlunar eða annars atvinnureksturs, en öll viðskifti þess fara fram á skrifstofunni í Reykjavík.

Þó að umbúnaður félagsins í Viðey til steinolíu-geymslu og starfræksla hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. þar fyrir félagsins hönd svo sem að framan er lýst, geti talist eitt atriði í atvinnurekstri þess, þá verður þetta atriði út af fyrir sig eigi talið arðsöm stofnun eða fyrirtæki, er heimilt sé að leggja á útsvar samkvæmt hinni tilvitnuðu grein sveitarstjórnarlaganna, þar sem hér er að eins um að tefla geymslu og flutning á vöru félagsins, er hefir kostnað í för með sér en engan arð. Áfrýjanda brast því lagaheimild til að leggja útsvar á stofnun og starfsemi félagsins í Viðey, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð. Eftir þeim úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi, hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, greiði stefnda H. Debell fyrir hönd hins danska steinolíufélags 30 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaðför.

Nr. 26/1911:

Réttvísin
gegn
Magnúsi Hjaltasyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi í Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum
14. marz þ. á., var ákærði Magnús Hjaltason frá Meira-